

**Ed.**

**621. Frumvarp til laga**

**[218. mál]**

um ferðamál.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 454 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Samgöngumálaráðherra skipar 9 menn í ferðamálaráð til þriggja ára í senn. Formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Eimskipafélag Íslands.
  2. Félag sérleyfishafa.
  3. Ferðafélag Íslands.
  4. Flugfélag Íslands hf.
  5. Loftleiðir hf.
  6. Ferðaskrifstofa ríkisins.
  7. Samband veitinga- og gistihúsaeygenda.
  8. Landssamband íslenskra ferðaskrifstofa.
- Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.  
Ferðamálaráð er ólaunað.

17. gr. hljóðar svo:

Ferðaskrifstofa ríkisins fylgist með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna, bæði að því er snertir verðlag og annað. Ferðaskrifstofan skal enn fremur vera ráðgefandi og leiðbeinandi um það, hvað betur megi fara í aðbúnaði og rekstri gisti- og greiðasölustaða. Finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera viðkomandi aðilum og ferðamálaráði viðvart um það, eða ef ástæða þykir til, gisti- og veitingahúsaeftirliti eða öðrum þeim aðilum, sem slíkt eftirlit er falið í veitingalögum.